

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (118. mál).


Efnisatriði í þessu frumvarpi eru í flestum tilvikum atriði sem Neytendasamtökin taka ekki afstöðu til. Þó hafa Neytendasamtökin athugasemdir við eftirtaldar tvær greinar frumvarpsins:

Í 4. gr. er lagt til virðisaukaskattur verði hækkaður úr 7% í 24,5% á sykri, sætindum og flestum drykkjarvörum. Fram kemur í athugasemdum að þetta sé fyrst og fremst gert til að auka tekjur ríkissjóðs. Neytendasamtökin leggjast gegn því að tekjur ríkissjóðs séu auknar með óbeinum sköttum. Ástæðan er sú að heimilin þurfa að greiða fyrir þetta með tvennum hætti, fyrst í formi hærri vöruverðs og síðan vegna hækkunar á verðtryggðum lánum. Því leggja Neytendasamtökin áherslu á að ef þessari leið er beitt til fjáröflunar fyrir ríkissjóð þá verði að fela Hagstofu Íslands, við útreikning vísitölu sem notuð er varðandi verðtryggð lán, að taka út hækkanir á óbeinum sköttum þannig að að skattahækkanir á vörum og þjónustu komi ekki inn í þann útreikning. Að sjálfsgöðu myndi þetta koma áfram fram í vísitölu neysliverð en myndi ekki vera tekið inn í útreikning sem lagður er til grundvallar varðandi breytingar á verðtryggðum lánum.

Í 20. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að hámark verði sett á gjafsóknarfjárhæðir í einkamálum. Í greinargerð kemur fram að með þessu muni sparast 50 millj. króna á ári. Neytendasamtökin minna á að hér er um að ræða mikilvægt úrræði fyrir efnaminni einstaklinga og fjölskyldur til að tryggja lagalegan rétt sinn. Þar sem um óverulegan sparnað er að ræða þá telja Neytendasamtökin að hér sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Því geta Neytendasamtökin ekki mælt með þessari grein frumvarpsins.

Að öðru leyti taka Neytendasamtökin ekki afstöðu til þessa frumvarps. Jafnframt leggja Neytendasamtökin áherslu á að sjónarmið samtakanna verði tekin til skoðunar þó svo að umsögnin sé send nokkrum klukkutímum of seint.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður